

Dags. 1. október 2008

Stjórnvaldssekt vegna brots á 2. mgr. 32. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003.

Þann 25. júní 2008 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins ákvörðun um að sekta Kaupþing banka hf. vegna brots á 2. mgr. 32. gr. þágildandi laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti (vvl) en samsvarandi grein í núgildandi lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 er 78. og 86. gr.

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Kaupþing banki hf. hefði brotið gegn 2. mgr. 32. vvl. með því að gefa út flöggunartilkynningu vegna sölu á 3,1% hlut í Mosaic Fashions hf. þann 14. ágúst 2007 en salan fór fram þann 10. ágúst 2007, þ.e. tveimur víðskiptadögum áður en flöggunartilkynning barst. Víð söluna fór hlutafjáreign bankans í Mosaic Fashions hf. úr 16,04% í 12,94%.

Samkvæmt 2. mgr. 32. gr. þágildandi laga um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003 bar aðila að tilkynna til skipulegs verðbréfamarkaðar og hlutafélags þegar í stað þegar hann næði, hækkaði upp fyrir eða lækkaði niður fyrir verulegan hlut. Verulegur hlutur var skilgreindur í 1. mgr. 32. gr. laganna (sbr. 1. mgr. 78. gr. núg. vvl.) sem 5% atkvæðisréttar eða nafnverðs hlutafjár, og margfeldi þar af, allt að 90%.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leyti og 141. gr. vvl. var það mat Fjármálaeftirlitsins að hæfileg sekt væri kr. 3.000.000.